



Borgarráð

Reykjavík, 28. apríl 2026  
SFS26020032

## **Tillaga að opnun starfseiningar í fyrrum Korpuskóla tímabundið fyrir eldri hluta nemenda í Klettaskóla**

Lagt er til að samþykkt verði tillaga að frá og með hausti 2026 verði opnuð ný starfseining Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla fyrir fatlaða nemendur. Ákvörðun verði til 5 ára og endurskoðuð að þeim tíma liðnum með hliðsjón af komandi samningagerð við ríkið og nágrennasveitarfélögin vegna stofn- og rekstarkostnaðar.

Áætlað er að viðbótar rekstrarkostnaður sérskóla hækki um 139 m.kr. á ársgrundvelli við opnun nýs úrræðis í fyrrum Korpuskóla og það falli til allt að 70 m.kr. á árinu 2026. Gert er ráð fyrir að um 60% kostnaðar heyri til reykvískra barna en 40% vegna barna frá öðrum sveitarfélögum. Þannig má gera ráð fyrir viðbótarfjárför skóla- og frístundsviðs verði 42 m.kr. á árinu 2026. Viðbótarfjárför verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð 09205, með þeim fyrirvara að unnt verði að rúma viðbótarútgjöld í gegnum nýtt fjármögnunar- og rekstrarlíkan sem er í smíðum fyrir sérskóla.

### *Greinargerð:*

Ákvörðunin verði tímabundin í ljósi þess að gert er ráð fyrir að grunnskóli verði í hverfinu þegar barnafjöldi nær viðmiðunarmörkum skóla- og frístundasviðs og til framtíðar er gert ráð fyrir að þessi starfsemi víki. Í þessari tillögu er lagt til að ákvörðunin verði endurskoðuð að 5 árum liðnum með hliðsjón af niðurstöðum í komandi viðræðum við ríki og sveitarfélög um mótun stefnu og framtíðarskipan sérskóla sem þjóna öllu landinu sem myndi svara því hvort næsti skóli sem byggður verði undir starfsseminu verði á höfuðborgarsvæðinu eða í stærri byggðarkjörnum utan höfuðborgarsvæðisins.

Varðandi fjármögnun viðbótarkostnaðar þá er vísað til þess að unnið að því að útfæra nýtt fjármögnunar- og rekstrarlíkan fyrir sérskóla Reykjavíkurborgar. Markmiðið þess er að útfæra reiknilíkan með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem eru rekjanlegar og gagnsæjar. Áhersla er lögð á að líkanið taki mið af þjónustu og þjónustustig m.t.t. mismunandi þarfa og/eða mismunandi aðstæðna. Stefnt er að því að líkanið verði tilbúið á síðari hluta ársins og unnt verði að rýna forsendur fjárhagsáætlunar fyrir sérskóla á næsta ári með hliðsjón af því.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

### **Hjálagt:**

Afgreiðsla skóla- og frístundaráðs þann 27. apríl 2026 á tillögu um að tímabundið verði opnuð ný starfseining í fyrrum Korpuskóla fyrir eldri hluti nemenda úr Klettaskóla, dags. 27. apríl 2026.



Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að tímabundið verði opnuð ný starfseining í fyrrum Korpuskóla fyrir eldri hluta nemenda úr Klettaskóla, dags. 17. mars 2026.

Breytingartillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að tímabundið verði opnuð ný starfseining í fyrrum Korpuskóla fyrir eldri hluta nemenda úr Klettaskóla ásamt greinargerð, dags. 22. apríl 2026.

Yfirlýsing vegna opnunar Korpuskóla fyrir 8. – 10. bekk Klettaskóla, dags. 24. mars 2026.

Umsögn skólaráðs Klettaskóla 24. mars 2026.

#### **Önnur gögn:**

1. Klettaskóli Ráðgjafarsvið KPMG - Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir Ágúst 2022. Greining á starfsemi Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju. [Úttekt á Klettaskóla 2022](#)
2. Skýrsla starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju. [Skýrsla starfshóps](#)
3. Umsagnir um tillögur skýrslu starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju. des. 2023. [Sjá samantekt umsagna](#)
4. Tillaga lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 23. mars 2026 ásamt greinargerð. [Tillaga og greinargerð](#)





Reykjavík, 27. apríl 2026  
SFS26020032

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

## **Tillaga um að tímabundið verði opnuð ný starfseining í fyrrum Korpuskóla fyrir eldri hluta nemenda úr Klettaskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. apríl 2026 lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frítundasviðs, dags. 17. mars 2026:

Lagt er til að frá og með hausti 2026 verði opnuð ný starfseining Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla fyrir fatlaða nemendur. Horft verði til að starfsemin verði þar til næstu 15 ára og verði þá endurskoðuð með tilliti til almennrar íbúðauppbyggingar á svæðinu í norðanverðum Grafarvogi. Lagt er til að börn í 1. – 6. bekk verði í Klettaskóla og börn í 7. – 10. bekk fari í nýja starfsstöð Klettaskóla í fyrrum húsnæði Korpuskóla. Frístundaþjónusta Guluhlíðar þjónusti börn í 1. – 3. bekk, Hekla börn í 4. – 6. bekk og Askja börn í 7. – 10. bekk. Lagt er til að myndað verði nýtt stjórnendateymi skóla- og frístundastarfs frá sumri 2026 svo tryggja megi farsæla opnun hinnar nýju starfseiningar. Teymið vinni náíð með núverandi stjórnendateymi Klettaskóla og frístundastarfsins að skiptingu nemendahóps, mannauðs og tryggt og farsælt samstarf við foreldra.

Greinargerð fylgdi.

Lögð var fram svohljóðandi breytingartillaga sviðsstjóra skóla- og frítundasviðs, dags. 22. apríl 2026 ásamt greiningu á starfsemi Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju, dags. í ágúst 2022, skýrslu starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju, ódags., samantekt umsagna um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju, dags. í desember 2023 og yfirlýsingu skólaráðs Klettaskóla, dags. 24. mars 2026.:

Lagt er til að frá og með hausti 2026 verði opnuð ný starfseining Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla fyrir fatlaða nemendur. Horft verði til þess að starfsemin verði þar til næstu 15 ára og verði þá endurskoðuð með tilliti til almennrar íbúðauppbyggingar á svæðinu í norðanverðum Grafarvogi. Lagt er til að börn í 1. – 6. bekk verði í Klettaskóla og börn í 7. – 10. bekk fari í nýja starfsstöð Klettaskóla í fyrrum húsnæði Korpuskóla. Frístundaþjónusta Guluhlíðar þjónusti börn í 1. – 3. bekk, Hekla börn í 4. – 6. bekk og Askja börn í 7. – 10. bekk. Fyrsta skólaárið verður 7. bekkurinn þó áfram í Klettaskóla og Heklu vegna fjölda nemenda í 10. bekk. Gulahlíð þjónusti 1. - 4. bekk, Hekla börn í 5. - 7. bekk og Askja 8. - 10. bekk. Frá hausti 2027 fer 7. bekkurinn í Korpuskóla og Öskju. Ráðgert er að starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Öskju flytjist í Korpuskóla og verði fyrir nemendur í 8.–10. bekk. Samhliða þessum breytingum mun starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Heklu fyrir börn í 5.-7. bekk flytjast úr Þorragötu yfir í Klettaskóla. Aðstaða frístundaheimilisins Guluhlíðar fyrir 1.-4. bekk verði enn um sinn á sama stað og áður (í Vesturhlíð 3) en færist síðar inn í Klettaskóla. Lagt er til að myndað verði nýtt stjórnendateymi skóla- og frístundastarfs í Korpuskóla frá



sumri 2026 svo tryggja megi farsæla opnun hinnar nýju starfseiningar. Teymið vinni náið með núverandi stjórnendateymi Klettaskóla og frístundastarfsins að skiptingu nemendahóps og mannauðs og tryggi gott og farsælt samstarf við foreldra. Viðbótar rekstrarkostnaður vegna nýrrar starfstöðvar Klettaskóla í Korpuskóla er samtals um 139 milljónir króna. Um helmingur þeirrar fjárhæðar myndi koma til á árinu 2026. Viðbótarkostnaður rúmast ekki innan núverandi fjárhagsramma SFS.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt.

Tillagan var samþykkt svo breytt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar samstarfsflokkananna þakka skólaráði Klettaskóla hjartanlega fyrir þann einhuga stuðning sem það hefur sýnt við þessi áform um að nýta húsnæði Korpuskóla undir starfsemi unglिंगadeildar Klettaskóla sem inniber að 8. - 10. bekkur Klettaskóla verða fluttir í Korpuskóla. Með þessum breytingum er verið að draga úr óvissu og framtíðin verður björt fyrir þennan viðkvæma hóp barna.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Viðreisnar lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Viðreisnar fagnar þeim stóra áfanga sem þessi breyting mun hafa á menntaumhverfi fatlaðra barna. Virkilega ánægjulegt að sjá húsnæðið sem hefur fjölmarga kosti. Einnig gleðilegt að sjá að horft sé til þess að frístundastarf sé virkt fyrir ólíka aldurshópa í ólíkum rýmum. Þykir fulltrúanum þó vanta að horft sé til þess við samninga að íþróttahúsnæði skólana séu nýtt utan almenns opnunartíma fyrir þá íþróttaiðkun sem er í boði fyrir hópinn, en töluverður húsnæðisvandi er í þeim flokki og mætti vel setja upp samning um nýtingu þessa tveggja íþróttahúsa sem skólunum tengjast og þannig stuðla að aukinni íþróttaiðkun fatlaðra barna í borginni en tölur um íþróttaiðkun hópsins eru sláandi lágar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknarflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar fagnar því að opnuð verði ný starfseining í fyrrum Korpuskóla. Mikilvægum áfanga er hér náð. Huga þarf að framtíðarlausn á höfuðborgarsvæðinu fyrir þennan nemendahóp. Í samhengi við að meta framtíðarþörf í skólaumhverfisins í Grafarvogi. Fulltrúi Framsóknar tekur undir mikilvægi þess að íþróttastarf meðal fatlaðra ungmenna sé eftir.





Virðingarfyllst

Steinn Jóhannsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga, dags. 17. mars 2026

Breytingatillaga, dags.22. apríl 2026

Yfirlýsing skólaráðs mars 2026



**Reykjavík**



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 17. mars 2026

SFS26020032

## TILLAGA

---

### Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að tímabundið verði opnuð ný starfseining í fyrrum Korpuskóla fyrir eldri hluta nemenda úr Klettaskóla

Lagt er til að frá og með hausti 2026 verði opnuð ný starfseining Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla fyrir fatlaða nemendur. Horft verði til að starfsemin verði þar til næstu 15 ára og verði þá endurskoðuð með tilliti til almennrar íbúðaupbyggingar á svæðinu í norðanverðum Grafarvogi.

Lagt er til að börn í 1. – 6. bekk verði í Klettaskóla og börn í 7. – 10. bekk fari í nýja starfsstöð Klettaskóla í fyrrum húsnæði Korpuskóla.

Frístundapjónusta Guluhlíðar þjónusti börn í 1. – 3. bekk, Hekla börn í 4. – 6. bekk og Askja börn í 7. – 10. bekk.

Lagt er til að myndað verði nýtt stjórnendateymi skóla- og frístundastarfs frá sumri 2026 svo tryggja megi farsæla opnun hinnar nýju starfseiningar. Teymið vinni náið með núverandi stjórnendateymi Klettaskóla og frístundastarfsins að skiptingu nemendahóps, mannauðs og tryggi gott og farsælt samstarf við foreldra.

### Greinargerð

#### *Forsaga*

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda og breyttrar samsetningar í nemendahópnum og þjónustubarfa er nauðsynlegt að bæta aðstöðu skóla- og frístundahúsnæðis Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju.

Haustið 2021 fór sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs þess á leit við RR ráðgjöf að gera úttekt á starfsemi Klettaskóla ásamt félagsmiðstöð og frístundaheimili sem rekin eru fyrir nemendur Klettaskóla. Úttektin var unnin m.t.t. stjórnskipulags, fagslegs starfs, rekstrar, fjármögnunar og húsnæðis auk fyrirkomulags þátttökubekkjara Klettaskóla í Árbæjarskóla, sjá fylgiskjal 1. RR ráðgjöf kynnti niðurstöður á fundi skóla- og frístundaráðs 3. október 2022.



Reykjavík



Í framhaldi af þeirri vinnu var skipaður starfshópur þann 5. desember 2022 um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju sem skilaði skýrslu á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2023, sjá fylgiskjal 2. Þar var samþykkt málsmeðferðartillaga sem kvað á um að skýrsla starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju yrði send til umsagnar skólaráðs Klettaskóla, starfsfólks Klettaskóla, foreldrafélags Klettaskóla, frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýrar, aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, Þroskahjálpar, Umhyggju og þeirra sveitarfélaga sem nýttu þjónustuna. Jafnframt var lagt til að gert yrði kostnaðarmat á þeim tillögum sem komu fram í skýrslunni.

Skýrslan var kynnt fyrir skóla- og frístundasamfélaginu í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju auk foreldra og óskað eftir umsögnum. Óskað var eftir umsögnum frá 15 aðilum og skiluðu 11 aðilar umsögn um tillögur skýrslunnar. Umsagnir voru kynntar á fundi skóla- og frístundaráðs 24. júní 2024. Sjá fylgiskjal 3.

Fulltrúar skóla- og frístundasviðs kynntu þrönga stöðu Klettaskóla á fundi með mennta- og barnamálaráðuneyti 4. febrúar 2025 og fyrir Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) á fundi 11. febrúar 2025. Sviðsstjóri og formaður skóla- og frístundaráðs funduðu með mennta- og barnamálaráðherra og innviðaráðherra í maí 2025 og fóru yfir stöðuna. Innviðaráðherra ræddi þá aðkomu ríkisins að stofnun nýs sérskóla og lagði áherslu á að samtalið héldi áfram. SSH fól HLH ráðgjöf að gera greiningu á fýsileika samstarfs og uppbyggingar sérskóla á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöðu greiningarvinnunnar er að vænta á vorönn 2026.

Skólaárið 2025-2026 eru 141 nemandi skráðir í Klettaskóla. Húsnæði Klettaskóla var hannað miðað við 80-90 nemendur. Sjö nemendur sem tilheyra Klettaskóla eru í þátttökubekk sem er staðsettur í Árbæjarskóla. Vorið 2026 útskrifast 11 nemendur úr Klettaskóla úr 10. bekk. Nú liggur fyrir að búið er að sækja um fyrir 41 nemenda í Klettaskóla fyrir haustið 2026 og nemendafjöldi í vetur í 1. – 9. bekk eru 130 og því ljóst að ekki er hægt að mæta þörfum barnanna öðruvísi en að fjölga úrræðum.

### ***Tillaga varðandi nýja starfseiningu eldri nemenda Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla***

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. nóvember 2019 var samþykkt að „...skólalald yrði aflagt í starfsstöðinni Korpu þar til að fjöldi barna í Staðahverfi á aldrinum 6-12 ára (1. – 7. bekkur) hefur náð 150 nemendum. Ákvörðun um áframhald skólalalds fyrir börn í Staðahverfi verði þá endurskoðuð í nánu samstarfi við foreldra og íbúa Staðahverfis.“ Í viðmiðum skóla- og frístundasviðs er miðað við að heildstæðir grunnskólar (hvort heldur er eining í sameinuðum skóla eða stakstæður) séu að lágmarki 200 barna, eða 140 barna ef skólinn er fyrir 1. – 7. bekk. Miðað við nemendasþá í norðanverðum Grafarvogi til ársins 2040 þá má vænta þess að haustið 2040 verði börn á aldrinum 6-12 ára um 90 talsins.





Borgarráð heimilaði umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna framkvæmda við breytingar á Korpuskóla þann 4. september 2025. Framkvæmdirnar fela í sér breytingar á Korpuskóla sem taka mið af starfsemi Klettaskóla. Byggingin er hefðbundinn grunnskóli í dag og verður endurskipulögð og aðlöguð að sérhæfðu skólastarfi Klettaskóla. Farið var í örútbóð innan rammisamnings og lægsta gilda tilboð var samþykkt af innkaupa- og framkvæmdaráði þann 9. október 2025. Breytingar á húsnæðinu og lóð eru þegar hafnar og verður húsnæðið tilbúið í byrjun ágúst 2026.

Með vísan til framangreinds er mikilvægt að frá og með hausti 2026 verði opnuð ný starfseining Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla fyrir fatlaða nemendur. Horft verði til þess að starfsemin verði þar í um 15 ár og verði þá endurskoðuð með tilliti til almennrar íbúðauppbýggingar á svæðinu í norðanverðum Grafarvogi auk byggingar nýs sérskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Í sviðsmynd II í skýrslu starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Gulahlíð, Heklu og Öskju var lagt til að börn í 1. - 5. bekk verði í Klettaskóla og 6. - 10. bekkur í Korpuskóla.

Út frá dreifingu á nemendafjölda árganga fer betur að skiptingin verði þannig haustið 2026 að börn í 1. – 6. bekk verði í Klettaskóla og börn í 7. – 10. bekk fari í húsnæði í Korpuskóla. Gulahlíð þjónusti börn í 1. – 3. bekk, Hekla börn í 4. – 6. bekk og Askja börn í 7. – 10. bekk. Starfsemi Heklu færist frá Þorragötu í aðstöðu Öskju í Klettaskóla og starfsemi Öskju færist frá Klettaskóla í Korpuskóla. Aðstaða Gulahlíðar verði enn um sinn á sama stað og áður (í Vesturhlíð 3) en færist síðan inn í Klettaskóla.

Vísað er til umfjöllunar í fylgiskjali 3 vegna umsagna sem bárust um tillögur skýrslu starfsóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs. Eina breytingin frá þeirri tillögu sem þá var til umsagnar er að miðað var við að börn í 1. til 5. bekk yrðu í Klettaskóla og börn í 6. til 10. bekk færu í húsnæði fyrrum Korpuskóla. Óskað var umsagna frá 15 aðilum og bárust 11 umsagnir. Við undirbúning breytingarinnar verður horft til þess er fram kom í umræddum umsögnum og óskað nýrrar umsagnar skólaráðs Klettaskóla.

Það er mikilvægt að myndað verði nýtt stjórnendateymi skóla- og frístundastarfs í starfseiningunni frá vori 2026 svo tryggja megi farsæla starfsemi. Teymið vinni náið með núverandi stjórnendateymi Klettaskóla og frístundastarfsins að skiptingu nemendahóps, mannauðs og tryggi gott og farsælt samstarf við foreldra.

Gerð verði kostnaðaráætlun vegna tillagnanna. Samhliða verði rætt við ríkið um stofnkostnað vegna starfseiningarinnar.

Tekið er fram að þar sem ný starfsstöð heyrir undir Klettaskóla gilda reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla sem settar hafa verið á grundvelli reglugerðar nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.



Hjálagt:

1. Klettaskóli Ráðgjafarsvið KPMG - Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir Ágúst 2022. Greining á starfsemi Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju. [Úttekt á Klettaskóla 2022](#)
2. Skýrsla starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju. [Skýrsla starfshóps](#)
3. Umsagnir um tillögur skýrslu starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju. des. 2023. [Sjá samantekt umsagna](#)



Reykjavík



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 22. apríl 2026

SFS26020032

## Breytingatillaga

---

### **Breytingartillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að tímabundið verði opnuð ný starfseining í fyrrum Korpuskóla fyrir eldri hluta nemenda úr Klettaskóla**

Lagt er til að frá og með hausti 2026 verði opnuð ný starfseining Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla fyrir fatlaða nemendur. Horft verði til þess að starfsemin verði þar til næstu 15 ára og verði þá endurskoðuð með tilliti til almennrar íbúðaupbyggingar á svæðinu í norðanverðum Grafarvogi. Lagt er til að börn í 1. – 6. bekk verði í Klettaskóla og börn í 7. – 10. bekk fari í nýja starfsstöð Klettaskóla í fyrrum húsnæði Korpuskóla. Frístundapjónusta Guluhlíðar þjónusti börn í 1. – 3. bekk, Hekla börn í 4. – 6. bekk og Askja börn í 7. – 10. bekk. Fyrsta skólaárið verður 7. bekkurinn þó áfram í Klettaskóla og Heklu vegna fjölda nemenda í 10. bekk. Gulahlíð þjónusti 1. - 4. bekk, Hekla börn í 5. - 7. bekk og Askja 8. - 10. bekk. Frá hausti 2027 fer 7. bekkurinn í Korpuskóla og Öskju.

Ráðgert er að starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Öskju flytjist í Korpuskóla og verði fyrir nemendur í 8.–10. bekk. Samhliða þessum breytingum mun starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Heklu fyrir börn í 5.-7. bekk flytjast úr Þorragötu yfir í Klettaskóla. Aðstaða frístundaheimilisins Guluhlíðar fyrir 1.-4. bekk verði enn um sinn á sama stað og áður (í Vesturhlíð 3) en færast síðar inn í Klettaskóla.

Lagt er til að myndað verði nýtt stjórnendateymi skóla- og frístundastarfs í Korpuskóla frá sumri 2026 svo tryggja megi farsæla opnun hinnar nýju starfseiningar. Teymið vinni náið með núverandi stjórnendateymi Klettaskóla og frístundastarfsins að skiptingu nemendahóps og mannauðs og tryggi gott og farsælt samstarf við foreldra.

Viðbótar rekstrarkostnaður vegna nýrrar starfstöðvar Klettaskóla í Korpuskóla er samtals um 139 milljónir króna. Um helmingur þeirrar fjárhæðar myndi koma til á árinu 2026. Viðbótarkostnaður rúmast ekki innan núverandi fjárhagsramma SFS.



**Reykjavík**



## Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. mars 2026 var lögð fram eftirfarandi tillaga varðandi opnun starfseiningar Klettaskóla í Korpuskóla:

Lagt er til að frá og með hausti 2026 verði opnuð ný starfseining Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla fyrir fatlaða nemendur. Horft verði til að starfsemin verði þar til næstu 15 ára og verði þá endurskoðuð með tilliti til almennrar íbúðauppbýggingar á svæðinu í norðanverðum Grafarvogi. Lagt er til að börn í 1. – 6. bekk verði í Klettaskóla og börn í 7. – 10. bekk fari í nýja starfsstöð Klettaskóla í fyrrum húsnæði Korpuskóla. Frístundapjónusta Guluhlíðar þjónusti börn í 1. – 3. bekk, Hekla börn í 4. – 6. bekk og Askja börn í 7. – 10. bekk. Lagt er til að myndað verði nýtt stjórnendateymi skóla- og frístundastarfs frá sumri 2026 svo tryggja megi farsæla opnun hinnar nýju starfseiningar. Teymið vinni náð með núverandi stjórnendateymi Klettaskóla og frístundastarfsins að skiptingu nemendahóps og mannauðs og tryggi gott og farsælt samstarf við foreldra.

Á fundinum var samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartillaga:

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að útfæra tillögu um breytingar á skóla- og frístundastarfi í Klettaskóla um að tímabundið verði opnuð ný starfseining í fyrrum Korpuskóla fyrir eldri hluta nemenda úr Klettaskóla. Jafnframt verði lögð fram kostnaðaráætlun vegna tillagnanna. Samhliða verði rætt við ríkið um stofnkostnað vegna starfseiningarinnar.

Unnið hefur verið samkvæmt málsmeðferðartillögunni að útfærslu tillögunnar um breytingar á skóla- og frístundastarfi í Klettaskóla. Sú tillaga sem nú er lögð fram hefur tekið smávægilegum breytingum frá fundinum í mars sl. Sú fyrsta snýr að því að fyrsta skólaárið verður 7. bekkurinn áfram í Klettaskóla og Heklu vegna fjölda nemenda í 10. bekk en frá hausti 2027 verður 7. – 10. bekkur í Korpuskóla og Heklu. Önnur breyting snýr að því að frístundastarf Heklu flytjist úr Þorragötu inn í aðstöðu sem Askja hafði áður inni í Klettaskóla.

## Forsaga

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda og breyttrar samsetningar í nemendahópnum og þjónustuparfa er nauðsynlegt að bæta aðstöðu skóla- og frístundahúsnæðis Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju.

Haustið 2021 fór sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs þess á leit við RR ráðgjöf að gera úttekt á starfsemi Klettaskóla ásamt félagsmiðstöð og frístundaheimili sem rekin eru fyrir nemendur Klettaskóla. Úttektin var unnin m.t.t. stjórnskipulags, fagslegs starfs, rekstrar, fjármögnunar og húsnæðis auk fyrirkomulags þátttökubekkjara Klettaskóla í Árbæjarskóla, sjá fylgiskjal 1. RR ráðgjöf kynnti niðurstöður á fundi skóla- og frístundaráðs 3. október 2022.



Í framhaldi af þeirri vinnu var skipaður starfshópur þann 5. desember 2022 um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju sem skilaði skýrslu á fundi skóla- og frístundaráðs 9. október 2023, sjá fylgiskjal 2. Þar var samþykkt málsmeðferðartillaga sem kvað á um að skýrsla starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju yrði send til umsagnar skólaráðs Klettaskóla, starfsfólks Klettaskóla, foreldrafélags Klettaskóla, frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýrar, aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, Þroskahjálpar, Umhyggju og þeirra sveitarfélaga sem nýttu þjónustuna. Jafnframt var lagt til að gert yrði kostnaðarmat á þeim tillögum sem komu fram í skýrslunni.

Skýrslan var kynnt fyrir skóla- og frístundasamfélaginu í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju auk foreldra og óskað eftir umsögnum. Óskað var eftir umsögnum frá 15 aðilum og skiluðu 11 aðilar umsögn um tillögur skýrslunnar. Umsagnir voru kynntar á fundi skóla- og frístundaráðs 24. júní 2024. Sjá fylgiskjal 3.

Fulltrúar skóla- og frístundasviðs kynntu þrönga stöðu Klettaskóla á fundi með mennta- og barnamálaráðuneyti 4. febrúar 2025 og fyrir Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) á fundi 11. febrúar 2025. Sviðsstjóri og formaður skóla- og frístundaráðs funduðu með mennta- og barnamálaráðherra og innviðaráðherra í maí 2025 og fóru yfir stöðuna. Innviðaráðherra ræddi þá aðkomu ríkisins að stofnun nýs sérskóla og lagði áherslu á að samtalið héldi áfram. SSH fól HLH ráðgjöf að gera greiningu á fýsileika samstarfs og uppbyggingar sérskóla á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaða greiningarvinnunnar var kynnt stjórn SSH 2. mars 2026. Þar var skýrslan lögð fram til kynningar og umræðu. Skýrslan verður unnin áfram til samræmis við umræður fundarins, m.a. með nánari greiningu og skýrri og ýtarlegri framsetningu tillögu um framhaldið, og lögð fram að nýju að því loknu.

Skólaárið 2025-2026 eru 141 nemandi skráðir í Klettaskóla. Húsnæði Klettaskóla var hannað miðað við 80-90 nemendur. Sjö nemendur sem tilheyra Klettaskóla eru í þátttökubekk sem er staðsettur í Árbæjarskóla. Vorið 2026 útskrifast 11 nemendur úr Klettaskóla úr 10. bekk. Nú liggur fyrir að búið er að sækja um fyrir 41 nemenda í Klettaskóla fyrir haustið 2026 og nemendafjöldi í vetur í 1. – 9. bekk eru 130 og því ljóst að ekki er hægt að mæta þörfum barnanna öðruvísi en að fjölga úrræðum.

### ***Eldri samþykkt varðandi húsnæði Korpuskóla***

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. nóvember 2019 var samþykkt að „...skólahald yrði aflagt í starfsstöðinni Korpu þar til að fjöldi barna í Staðahverfi á aldrinum 6-12 ára (1. – 7. bekkur) hefur náð 150 nemendum. Ákvörðun um áframhald skólahalds fyrir börn í Staðahverfi verði þá endurskoðuð í nánú samstarfi við foreldra og íbúa Staðahverfis.“ Í viðmiðum skóla- og frístundasviðs er miðað við að heildstæðir grunnskólar (hvort heldur er eining í sameinuðum skóla eða stakstæður) séu að lágmarki 200 barna, eða 140 barna ef skólinn er fyrir 1. – 7. bekk. Miðað við nemendaspá í norðanverðum Grafarvogi





til ársins 2040 þá má vænta þess að haustið 2040 verði börn á aldrinum 6-12 ára um 90 talsins.

### **Breytingar á húsnæði Korpuskóla**

Borgarráð heimilaði umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna framkvæmda við breytingar á Korpuskóla þann 4. september 2025. Framkvæmdirnar fela í sér breytingar á Korpuskóla sem taka mið af starfsemi Klettaskóla. Byggingin er hefðbundinn grunnskóli í dag og verður endurskipulögð og aðlöguð að sérhæfðu skólastarfi Klettaskóla. Farið var í örútbóð innan rammisamnings og lægsta gilda tilboð var samþykkt af innkaupa- og framkvæmdaráði þann 9. október 2025. Breytingar á húsnæðinu og lóð eru þegar hafnar og verður húsnæðið tilbúið í byrjun ágúst 2026.

### Útfærsla á tillögu um breytingar á skóla- og frístundastarfi í Klettaskóla um að tímabundið verði opnuð ný starfseining í fyrrum Korpuskóla

Með vísan til framangreinds er mikilvægt að frá og með hausti 2026 verði opnuð ný starfseining Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla fyrir fatlaða nemendur. Horft verði til þess að starfsemin verði þar í um 15 ár og verði þá endurskoðuð með tilliti til almennrar íbúðauppbyggingar á svæðinu í norðanverðum Grafarvogi auk byggingar nýs sérskóla á höfuðborgarsvæðinu.

Tekið er fram að ný starfsstöð heyrir undir Klettaskóla og gilda reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla sem settar hafa verið á grundvelli reglugerðar nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Ráðgert er að starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Öskju flytjist í Korpuskóla og verði fyrir nemendur í 8. bekk – 10. bekk skólaárið 2026-2027 og fyrir 7. -10. bekk frá og með skólaári 2027-2028. Samhliða þessum breytingum mun starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Heklu flytjast úr Þorragötu yfir í Klettaskóla og verða fyrir 5.-7. bekk og frá skólaári 2027-2028 fyrir 4.-6. bekk. Aðstaða frístundaheimilisins Guluhlíðar verði fyrir 1.-4. bekk og verði enn um sinn á sama stað og áður (í Vesturhlíð 3) en færast síðar inn í Klettaskóla og frá skólaári 2027-2028 fyrir 1.-3. bekk.

### **Samráð við helstu hagaðila**

Óskað var eftir umsögn skólaráðs Klettaskóla vegna tillögu sem lögð var fram á fundi skóla- og frístundaráðs 23. mars 2026. Skólaráðið fundaði 24. mars 2026 og skilaði umsögn þar sem ráðið samþykkti einróma að áform um að nýta húsnæði Korpuskóla undir starfsemi unglíngadeildar Klettaskóla væru kærkomin og styðja þá tillögu 7.-10. bekkur verði fluttur í Korpuskóla (sjá fylgiskjal 5).



Samráð verður haft við helstu hagaðila, svo sem starfsfólk, foreldra og aðra sem að starfseminni koma, eftir því sem verkefninu vindur fram. Ráðgert er að halda reglulega fundi með hagaðilum fram að opnun skólans eins og þörf krefur. Viðhöfð verður öflug upplýsingagjöf til sömu aðila sem verða upplýst um framvindu í tölvupóstum og á fundum. Þannig verður leitast við að bregðast jafnóðum við ábendingum eða aðstæðum sem upp geta komið á hverjum tíma þangað til starfsemi hefst í Korpuskóla.

## Fjárhagslegt mat

### **Klettaskóli við Korpu**

Opnun á nýrri starfstöð Klettaskóla, í húsnæði sem áður hýsti Korpuskóla, felur í sér flutning stöðugilda þeirra starfsmanna sem eru í beinni þjónustu við nemendur og hluta stjórnunar úr Klettaskóla yfir í Korpuskóla. Breytingarnar munu fela í sér viðbótarkostnað fyrir SFS. Viðbótarkostnaður felst í þrem megin þáttum sem eru viðbótar skólastjórnun, viðbótar miðlæg þjónusta og viðbótar annar rekstrarkostnaður. Stærsti hluti rekstrarkostnaðar núverandi Klettaskóla felst í kennslu og stuðningsþjónustu.

Viðbótarkostnaður felst í því að ráða þarf skólastjóra í Korpuskóla og deildarstjóra unglingadeildar. Að auki er gert ráð fyrir skrifstofustjóra/skólaritara í Korpuskóla.

Viðbótar miðlæg þjónusta felur í sér þrjú stöðugildi sem eru sérfræðingar sem sinna verkefnum á sviði sérkennslu og annarrar stoðþjónustu. Auk þess er gert ráð fyrir hjúkrunarfræðingi og umsjónarmanni með húsnæði og tækjabúnaði. Samtals gætu þetta orðið fimm stöðugildi, en greiningarvinna stendur yfir um samnýtingu mannauðs, til dæmis talmeinafræðinga og annarra sérfræðinga.

Við breytingarnar hverfur akstur nemenda í frístundastarf í Þorragötu. Á móti kemur akstur nemenda í sund. Þar með hættir skóla- og frístundasvið að nýta húsnæðið við Þorragötu sem getur þá nýst velferðarsviði.

Gert er ráð fyrir að viðbótar annar rekstrarkostnaður verði um það bil 55 m.kr. Þetta byggir á gögnum frá því að almennur grunnskóli var rekinn í húsnæðinu, kostnaði við rekstur skóla í sambærilegu húsnæði, núverandi stefnu PON er varðar UT-kostnað, hita, rafmagn, ræstingu o.fl.

### **Fjárhagslegt mat í tölum**

Gert er ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna ráðningar skólastjóra og skrifstofustjóra. (24+16)

Gert er ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna miðlægrar þjónustu vegna ráðningar hjúkrunarfræðings, umsjónarmanns fasteigna og búnaðar og eins sérkennslusérfræðings. (12,5+16+16)

Viðbótar annar rekstrarkostnaður: 55 milljónir króna.

**Heildar viðbótarkostnaður verði um 139 milljónir króna á einu almanaksári og félli u.þ.b. helmingur þeirrar upphæðar á almanaksárið 2026.**



Flutningur á félagsmiðstöð, sem annast frístundastarf, fyrir nemendur úr Klettaskóla felur ekki í sér nein viðbótarútgjöld fyrir SFS.

### **Stofnkostnaður**

Í málsmeðferðartillögu skóla- og frístundaráðs varðandi útfærslu tillögunnar segir: *Samhliða verði rætt við ríkið um stofnkostnað vegna starfseiningarinnar.*

Eins og áður hefur komið fram hefur stjórn SSH fjallað um skýrslu HLH sem kynnt var á fundi stjórnar SSH og hefur sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur óskað eftir fundi innviðarráðherra ásamt framkvæmdastjóra SSH til að ræða aðkomu ríkisins varðandi stofnkostnað vegna uppbyggingar Korpuskóla, nýs sérskóla. Núverandi samningur er frá 2013 og þarfnast endurskoðunar. Einnig þarf að taka upp umræðu á vettvangi stjórnar SSH um aðkomu sveitarfélaganna að stofnkostnaði nýs sérskóla því það liggur fyrir að Reykjavíkurborg er búin að ráðast í mikla fjárfestingu sem nýtist öllum sveitarfélögunum innan SSH.

### **Fjöldi nemenda í Klettaskóla**

Gert var ráð fyrir um það bil 90 nemendum í skóla- og frístundastarf í húsnæði Klettaskóla samkvæmt framtíðarskipulagi líkt og skólinn er hannaður fyrir. Opnun nýrrar starfsstöðvar Klettaskóla við Korpu gerir mögulegt að fjölga nemendum (minnka biðlista) og er gert ráð fyrir að nemendum í Klettaskóla fjölgi um 12 á skólaárinu 2026/2027. Ekki er auðvelt að meta hreinan viðbótarkostnað við fjölgun nemenda enda hefðu nemendur annars væntanlega sótt hverfisskóla og fengið stuðningsþjónustu. Varlega má þó áætla að aukin kennsla og stuðningur feli í sér viðbótarkostnað sem nemur 5 m.kr pr. nemanda.

Viðbótarkostnaður við fjölgun nemenda um 12 eru því um 60 milljónir króna. Ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði við börnin í frístundastarfi, þar sem sami kostnaður færi í stuðning við þau ef þau væru í öðrum sértækum félagsmiðstöðvum eða frístundaheimilum ef þau væru í almennum grunnskóla í sínu hverfi.

### **Húsnæðis- og lóðaupplýsingar**

Skólabyggingin er hefðbundinn grunnskóli sem verður breytt í húsnæði fyrir börn með fjölþættar fatlanir og aðlöguð að sérhæfðu skólastarfi. Skólinn er á einni hæð 2816 m<sup>2</sup> að heildarflatarmáli, en það svæði sem er til framkvæmda er 1059 m<sup>2</sup>. Um er að ræða breytingu á innra skipulagi, án þess að um stækkun sé að ræða. Framkvæmdatími er frá janúar til júlí 2026.

Helstu framkvæmdir snúa að:

- Endurskipulagningu og aðlögun kennslustofa og stuðningsrýma
- Stækkun og úrbætur á kaffistofu og vinnuaðstöðu kennara og starfsmanna
- Breytingar á aðkomu og tengingum innan byggingar með hliðsjón af algildri hönnun
- Aðlögun á lóð



Framkvæmdir á lóð eru vegna breyttrar notkunar þ.e. úr hefðbundnu skólastarfi yfir í sérkennsluskóla fyrir eldri bekki á grunnskólaaldri. Heildarstærð lóðar er um 22.000 m<sup>2</sup> en framkvæmdasvæðið er um 6700 m<sup>2</sup>. Öll aðstaða á lóðinni verður bætt og aðgengileg fyrir börn og fullorðna með mismunandi tegundum fötlunar þar með talið hreyfihömlun, sjón- eða heyrnarskerðingu og þroskafrávik. Framkvæmdatími er frá maí þar til um miðjan ágúst 2026.

Það liggur fyrir að USK sér um breytingar á húsnæði og hefur til þess fjarhagsramma. Rýna þarf betur fjárhæðir vegna kaupa á lausafjarmunum þ.e.a.s. ýmsum búnaði til skóla- og frístundastarfs sem er ekki „naglfastur“.

### Hjálagt:

1. Klettaskóli Ráðgjafarsvið KPMG - Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir Ágúst 2022. Greining á starfsemi Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju. [Úttekt á Klettaskóla 2022](#)
2. Skýrsla starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju. [Skýrsla starfshóps](#)
3. Umsagnir um tillögur skýrslu starfshóps um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Klettaskóla, Guluhlíð, Heklu og Öskju. des. 2023. [Sjá samantekt umsagna](#)
4. Tillaga lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 23. mars 2026 ásamt greinargerð. [Tillaga og greinargerð](#)
5. Umsögn skólaráðs Klettaskóla 24. mars 2026.



Reykjavík, 24. Mars 2026

### **Fundur skólaráðs Klettaskóla**

Mættir: Arnheiður skólastjóri, Heiða Hrönn fulltrúi foreldra, Ásdís fulltrúi foreldra, Hrefna fulltrúi þroskaþjálfara, Jón Gunnar fulltrúi kennara, Helga Lind fulltrúi stuðningsfulltrúa og Elín Arndís aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð

### **Yfirlýsing vegna opnunar Korpuskóla fyrir 8. – 10. bekk Klettaskóla**

Auka fundur skólaráðs Klettaskóla var haldinn þriðjudaginn 24. Mars 2026. Farið var yfir áform um að nýta húsnæði Korpuskóla undir starfsemi unglingadeildar Klettaskóla. Rætt var um þörfina á auknu rými og hvernig flutningur elstu bekkjanna myndi bæta námsumhverfi og aðstæður nemenda. Fundarmenn fóru yfir helstu kosti og áskoranir sem fylgja þessari breytingu.

Skólaráð Klettaskóla samþykkti einróma að áform um að nýta húsnæði Korpuskóla undir starfsemi unglingadeildar Klettaskóla væru kærkomin og styðja þá tillögu að 8. - 10. bekkur verði fluttur í Korpuskóla.

Rafræn undirritun skólaráðs